

Styrkbeiðni til sveitarfélaganna

Ágæta sveitarstjórnir.

Á undanförunum vikum hefur stjórn Hestamannafélagsins Jökuls haldið kynningu fyrir sveitarfélögin um starf Jökuls og hvað er á döfinni til að efla starfið og sækja fram á öllum sviðum í starfi félagsins. Nýja félagið setur eftirfarandi hluti á oddinn í starfinu:

1. Börn og unglingar í Uppsveitum geti stundað hestaíþróttina með svipuðum kostnaði og aðrar íþróttir og að börn og unglingar þurfi ekki að eiga hesta eða dýran búnað sjálf til að stunda hestaíþróttina.
2. Að horft verði á starf Hestamannafélagsins sem íþróttastarf.
3. Koma upp félagsplássum og/eða félagshesthúsi.
4. Ráða framkvæmdastjóra til eflingar á starfinu.
5. Þjónusta ALLA hestamenn í Uppsveitum.

Hestamannafélagið Jökull óskar formlega eftir styrk til þeirra sveitarfélaga er félagið starfar í. Sveitarfélögin eru í stafrófsröð:

- Bláskógabyggð
- Grímsnes og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Hestamannafélagið Jökull óskar eftir 5 ára samning við sveitarfélögin um fastan styrk. Styrkbeiðnin er eftirfarandi fyrir hvert sveitarfélag:

2022 – 500.000kr

2023 – 1.000.000kr

2024 – 1.000.000kr

2025 – 1.000.000kr

2026 – 1.000.000kr

Til þess að hægt sé að lyfta Hestamannafélaginu á hærra plan og koma áðurgreindum hugmyndum á koppinn teljum við nauðsynlegt að öll sveitarfélögin verði með í verkefninu.

Ef einhverjar spurningar vakna eða fleiri gögn vantar erum við í stjórn meira en tilbúin að gera okkar til að bregðast við því.

Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls